

FS: 80 ára afmæli lýðveldis Íslands - Til sveitarfélaganna - Viðburðir á afmælisári

Til : Hildur Benediktsdóttir <hildurben@gardabaer.is>; Guðjón Erling Friðriksson <gudjon@gardabaer.is>
Frá : Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>
Heiti : FS: 80 ára afmæli lýðveldis Íslands - Til sveitarfélaganna - Viðburðir á afmælisári
Málsnúmer : 2403015
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 11.03.2024 08:18:16
Höfundur : Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>
Viðhengi : [Kynning á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins 2024 - Til sveitastjórna landsins.pdf](#)
[banner-3logomed2022-2025_052da27f-1b85-406d-84f3-99a790c22d86.jpg](#)
[vimeo_93e46e6f-5e72-42d3-bf79-6ef4cfee32a0.jpg](#)
[gb_insta_bf23ab3e-23dd-41be-894f-c95b17c3cfce.jpg](#)
[gb-fb_cddee11d-0a89-4ca3-a042-c19fa9c4ab44.jpg](#)
[logogbr_ef3842aa-d404-4f99-9425-65ac7534f3a3.jpg](#)

Kær kveðja
Þjónustuver Garðabæjar
Sími:+354 5258500

Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum. Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Garðabæjar er á ábyrgð sendanda.
This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.

Frá: Margrét Hallgrímsdóttir

Sent: föstudagur, 8. mars 2024 16:37

Til: samband@samband.is

Afrit: jorundurk@althingi.is; Sif Gunnarsdóttir - EFI ; Einar Ásgeir Sæmundsen - TAT ; Arna Kristín Einarisdóttir ; Marta Jónsdóttir ; Páll Þórhallsson ; Lára Björg Björnsdóttir ; Áslaug María Friðriksdóttir ; Hermann Sæmundsson ; Margrét Bóasdóttir

Efni: 80 ára afmæli lýðveldis Íslands - Til sveitarfélaganna - Viðburðir á afmælisári

Þú færð ekki oft tölvupóst frá margret.hallgrimsdottir@for.is. Kynntu þér hvers vegna þetta gæti verið mikilvægt

Til sveitarfélaga landsins

Góðan daginn!

Fyrir hönd afmælisnefndar 80 ára afmælis lýðveldisins er hér fylgt eftir bréfi til sveitarfélaganna dags. 5. febrúar sl. Eins og þar kemur fram skipaði forsætisráðherra nefnd um 80 ára afmæli íslenska lýðveldisins sem mótar hátíðardagskrá af því tilefni sem birt er á vef forsætisráðuneytisins www.lydveldi.is.

Í tilefni þessara tímamóta gefur forsætisráðuneytið út bókina *Fjallkonan*. Þú ert móðir vor kær með úrvali þjóðhátíðarljóða og greinum um fjallkonuna. Bókin verður gjöf til landsmanna og verður dreift um landið (bókabúðir, bókasöfn og sundlaugar) fyrir 17. júní þegar hátíðahöld um allt land munu ná hámarki með

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03.2026

hátíðardagskrá og kórasöng. Í tilefni þjóðhátíðardagsins stendur til að bjóða upp á lýðveldisafmælisköku í hverjum landshluta. Verður leitað til landshlutasamtakanna varðandi undirbúning og val á staðsetningu. Í anda fjallkonunnar er haft að leiðarljósi að dagskráin beini sjónum að landi og þjóð og að dagskráin verði fjölbreytt og við allra hæfi. Þar má nefna annars vegar samsöng kóra landsins undir yfirskriftinni *Sungið með landinu* og hins vegar skipulagðar gönguferðir um náttúru Íslands undir yfirskriftinni *Gengið um þjóðlendur* í öllum fjórðungum landsins auk fjölda menningarviðburða og hátíða s.s. á Þingvöllum og á Hrafnseyri. Í tengslum við verkefnið *Sungið með landinu* hefur farið fram samkeppni um nýtt kórslag við ljóð Þórarins Eldjárns *Ávarp fjallkonunnar* og hlaut Atli Ingólfsson tónskáld fyrstu verðlaun. Nótur af laginu verða birtar á viðburðavef afmælisársins og geta allir kórar nálgast nóturnar þar eftir helgina. Sjá frétt: [Stjórnarráðið | Verðlaun veitt í samkeppni um kórslag fyrir 80 ára afmæli lýðveldisins \(stjornarradid.is\)](#) Væntingar eru um að kórar hvaðanæva af landinu muni syngja lagið á þjóðhátíðardaginn 17. júní og við önnur tækifæri tengd afmælisárinu. Þannig verði unnt að beina sjónum að merku menningarstarfi kóra landsins. Með gönguferðum um þjóðlendur verði sjónum beint að náttúru landsins á gönguleiðum við allra hæfi.

Með bréfi þessu er óskað eftir samstarfi við sveitarfélög landsins í tengslum við hátíðardagskránna með miðlun og hvatningu um þátttöku eins og hentar best á hverjum stað. Velkomið er að hafa samband við undirritaða um nánari upplýsingar. Vonir standa til þess að viðburðir afmælisársins muni höfða til sem flestra og leiða til samveru í gleði, söng og útiveru á 80 ára afmæli lýðveldisins.

Með góðum kveðjum,
f.h. afmælisnefndar

Margrét Hallgrímsdóttir, formaður

Margrét Hallgrímsdóttir, skrifstofustjóri / mannauðsstjóri / Director General / Head of Human Resources
Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Skrifstofa innviða og þróunar / Department of Infrastructure and Development
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8400
www.stjornarradid.is / www.government.is -Fyrirvari/Disclaimer